

Sp.

147. Fyrirspurnir.

[141. mál]

- I. Til samgönguráðherra um hafnargerðir samkvæmt þingsályktun frá 3. maí 1982 um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðapróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin látið framkvæma við undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu?
2. Hefur verið gerð kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og hefur verið gerð tillaga til fjáröflunar til að standa undir þeim?
3. Er nú stefnt að því, að vinna við framkvæmdir þessar geti hafist vorið 1983?

- II. Til forsætisráðherra um hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni,
Jóhanni Einvarðssyni, Geir Gunnarssyni, Salome Porkelsdóttur og
Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvað líður viðræðum milli ríkisstjórnarinnar og Hafnarfjarðarkaupstaðar um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, sem forsætisráðherra lét í ljós vilja um að teknar yrðu upp að nýju í svari við fyrirspurn hinn 4. maí s. l.?
2. Hefur það verið útkljáð í ríkisstjórninni, hvort borið verði fram lagafrumvarp um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnaðarráðuneytis og bæjarstjórnar frá því í maímánuði 1976?